

1861. leiðanlegur til þess; en allar tilraunir læknaáðsins hafa verið
13. febrúar. árangurslausar.

Með því nú þessu er þannig varið, getur dómsmálastjórnin því miður ekki gjört meira til þess að fá lækni í embættið, er hún ekki treystist til að útvega þeim manni, er í það yrði skipaður, önnur kjör en hinum héraðslæknunum á Íslandi; en það er vitaskuld, að stjórnin mun láta sér annt um að fá duglegan lækni í embættið, svo fljótt, sem það verður unnt, eptir því sem ástatt er.

26. febrúar. **9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrktarfé prestaekkna.**

Þeir 300 ríkisdalir, er samkvæmt bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 17. aprílm. f. á. eru taldir meðal útgjalda Íslands í fjárhagslögunum fyrir árið 1861, og sem eptir konungsúrskurði 13. maím. 1785 hafa verið hafðir til styrktar prestaekkjum og börnum þeirra á Íslandi, og stiptyfirvöldin úthluta þeim, eru nú í fjárhagslögunum fyrir árið 1862, er út komu 19. þ. m., hækkaðir til 400 ríkisdala.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

26. febrúar. **10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um lán til kirkjubyggingar á Eyri í Ísafjarðar sýslu.**

Eptir uppástungu kirkju- og kennslustjórnarinnar við ríkisþingið, eru í fjárhagslögunum fyrir árið 1862, er út komu 19. þ. m., veittir 1800 ríkisdalir til að fullbyggja nýja kirkju á Eyri í Ísafjarðar sýslu í vesturumdæmi Íslands; er fè þetta veitt sem lán, er á að hvíla á brauðinu, og ber að greiða af því 6 af hundraði á ári í 28 ár í röð í vöxtu og borgun innstæðunnar. Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbein-